Eirberg

# Leiðbeiningar um þrif á býflugnasessum Stimulite Honeycomb

Mikilvægt er að þrífa sessuna og áklæðið reglulega a.m.k. einu sinni í mánuði, jafnvel oftar. Vatn hefur örvandi áhrif á efnið í sessunni og því getur ending hennar orðið lengri ef hún er þrifin reglulega. Mælt er með því að handþvo sessuna t.d. í sturtu eða handlaug með mildri sápu (shampói) og volgu (ekki sjóðandi) eða köldu vatni og skola vel á eftir. Eftir þvott hristið vatnið úr sessunni og þurrkið.

Það má þvo sessuna í þvottavél á lágum hita. Ekki þeytivinda. Ef þvottavélin er lítil er mælt með handþvotti.

Það má þvo sessuna á “köldu” prógrammi t.d. ullarprógrammi í þvottavél og þurrka á vægum hita í þurrkara (u.þ.b. 30 mín). Ekki þvo né þurrka sessuna með öðrum fatnaði. Það á að þvo og þurrka sessuna í hvítum netpoka sem fylgir með. Þvoið sessuna og áklæðið í sitt hvoru lagi, áklæðið getur látið lit. Lokið franska rennilásnum áður en áklæðið er þvegið til að forðast skemmdir. Notið einungis lítið af mildu þvottaefni (1 –2 msk.). **Notið ekki klór á sessuna**.

Eftir þvott: Þegar sessan er þurr setjið áklæðið utanum hana þannig að sveigði endi sessunnar snúi að rennilásnum og býflugnahólfin snúi upp.

**Seljandi: Eirberg ehf, Stórhöfða 25, 110 Reykjavík. Sími 569 3100. www.eirberg.is**
Framleiðandi er Supracor, USA. www.supracor.com